

## **Fundur í 4. svæðisráði Vatnajökulspjóðgarðs haldinn á Kirkjubæjarklaustri 18. júní 2009 klukkan 13.00**

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Sigurður Skúlason og Eydís Þ. Indriðadóttir fulltrúar úr svæðisráði, Ketill Sigurjónsson þjóðgarðsvörður, Ingibjörg Eiríksdóttir starfsmaður Háskólasetursins á Hornafirði, Birgir Sigurðsson, Gunnar Njálsson og Kári Kristjánsson landverðir. Leifur Þorsteinsson fulltrúi SAMÚT í svæðisráði boðaði forföll

Elín Heiða Valsdóttir formaður svæðisráðsins setti fund og bauð nýjan þjóðgarðsvörð og landverði sérstaklega velkomna til starfa. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

### **1. Fundargerð síðasta svæðisráðsfundar samþykkt.**

### **2. Sumarstarfið og kynning landvarða.**

Gunnar Njálsson verður landvörður í Nýjadal, Birgir Sigurðsson í Hrauneyjum og Hólaskjóli en Kári Kristjánsson í Laka

Rætt um nauðsyn þess að koma á samstarfi við Vegagerðina vegna opunar á hálendisleiðum og merkinga varðandi það. Óskað var eftir að landverðir haldi dagbók/minnislista og skrái m. a. þörf fyrir merkingar, ábendingar um úrbætur varðandi umgengi og umferð á svæði þjóðgarðsins og skili starfsskýrslu í lok sumarsins.

Svæðisráðið leggur áherslu á samstarf við ferðamálastofu um upplýsingagjöf varðandi þjóðgarðinn. Spurningar hafa vaknað um réttarstöðu þeirra sem aka á leiðum sem ekki hafa formlega verið opnaðar gagnvart tryggingum ef óhöpp verða. Vangaveltur voru um möguleika á fjarskiptum og vandamál sem skapast vegna lélegra fjarskipta. Nauðsynlegt er að beita sér fyrir samræmingu í fjarskiptamálum á hálendi Íslands. Kári benti á að lúpína á ekki heima í þjóðgarðinum og þarf að uppræta hana á þeim stöðum sem henni hefur verið sáð.

### **3. Verndaráætlunarvinna**

Upplýsingar frá Ingibjörgu Eiríksdóttur stafsmanni Háskólasetursins á Hornafirði.

Vinna er í fullum gangi og gert ráð fyrir að skilað verði áfangaskýrslu í haust. Lögð verði áhersla á að skilgreina vel vegi og slóða innan verndaráætlunarinnar. Svæðisráðið lagði áherslu á að komið verði á kynningarfundum um vinnu við verndaráætlunina, fyrir íbúa á svæðunum hið fyrsta. Óskað er eftir því að Ingibjörg stilli upp vinnuplani vegna kynningarfunda.

### **Staða á vinnu samstarfshóps um skipulag á Vonarskarðs-Jökulheimasvæði.**

Kynnt vinna fundar sem haldinn var á Laugalandi með stýrihópi Ásahrepps, vegna aðalskipulags á Holtamannafrétti, umhverfisnefnd Ásahrepps, Katli Sigurjónssyni þjóðgarðsverði, Ingibjörgu Eiríksdóttur fulltrúa frá háskólasetri, ásamt Siggrúði Stelli Jóhannsdóttur Náttúrustofu Norðurlands sem hefur yfirumsjón með verndaráætlanagerð alls þjóðgarðsins, Kára Kristjánssyni landverði þjóðgarðsins og Eydís Indriðadóttur oddvita Ásahrepps. Vinna samstarfshópsins er í ferli og stefnt að ferð á vettvangi í Vonarskarði og Nýjadal 25. – 26. júní.

#### **4. Fyrirhuguð viðbygging við skálann í Jökulheimum, umsókn Jöklarannsóknafélagsins.**

Svæðisráð vestursvæðis gerir ekki athugasemdir við viðbygginguna en beinir því til stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs að farið verði fram að Jöklarannsókarfélagið móti sér umhverfisstefnu í Jökulheimum og á Grímsfjalli í samræmi við stefnu þjóðgarðs og athugi hvort byggingar á svæðinu hafi áhrif á verndarflokkun þess. Einnig kom fram ósk um það að gistirými í Jökulheimum geti nýst fyrir gönguhópa á svæðinu.

#### **Staða á byggingu starfsmannahúss í Blágiljum.**

Ekkert gilt tilboð kom í smíði hússins þegar farið var í lokað útböð. Ákveðið var að lengja afhendingatímann, og frestur til að skila gögnum lengdur. Vonir standa til að afhending og frágangur geti farið fram í haust eða næsta vor.

#### **Önnur mál:**

a) Bent var á að aðstaða landvarðar í Nýjadal er frekar léleg og nauðsyn á úrbótum hið fyrsta. Ferðafélagið ætlar að laga gólfefni og pall en í það vantar gasknúinn kæliskáp. Æskilegt er að landvörðum sé tryggð viðunandi aðstaða og þjóðgarðsverði falið að skoða málið og finna leiðir til úrbóta.

b) Svæðisráðið hvetur stjórn þjóðgarðs og framkvæmdarstjóra til að flýta eins og unnt er vinnu við merkingar og skiltagerð og felur þjóðgarðsverði að fylgja málinu eftir. Einnig er bent á að skilti vegagerðarinnar þarf aðlaga að stofnun þjóðgarðsins.

c) Ábending kom um að vefur Vatnajökulsþjóðgarðsins er ekki nægilega lifandi og hluta af fundargerðum vestursvæðis vantar inn á hann. Helga Árnadóttir heldur utan um fundargerðir þjóðgarðsins og þarf að senda þær á hana.

d) Spurningar voru um endurskoðun á heildarbæklingi og hvort eitthvað sé til af bæklingum til dreifingar í sumar.

e) Bent var á að merkja þarf landvarðabíla sérstaklega. Þjóðgarðsverði falið að athuga með samræmdar merkingar landvarðabíla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið 15:50